



Aðkoma - Þjónustuaðkoma, bílastæði og uppýsingar. Áningastaður og salernisaðstaða.



Op inn í námagöng



Áningar og útsýnistaður við námu. Fræðuskilti um námuvinislu. Kvöld um varnargirðingu við útsýnisstað



Helgustaðanáma - Grjóthreinsað efni notað í uppbyggingu stiga og áningastaða

Deiliskipulagsuppráttur Mkv: 1:2000

HELGUSTADANÁMA – ÚTIVISTARSVÆÐI Tillaga að deiliskipulagi

Forsendur

Inngangur

Helgustaðanáma er silfurbergsnáma í landi Helgustaða í Fjarðabyggð. Silfurberg kallast sérlega tær kristallar af steindinni kalsít. Erlent heiti silfurbergs á helstu málum er tengt Íslandi (Íceland spar, Spar d'Islande, o.s.frv.) og er eitt fára fyrirbæra úr ríki náttúrunar sem kennt er við Ísland. Einna stærstu og tærustu einökkin af silfurbergi í heiminum hafa fundist á stað nálægt bænum Helgustaður við norðanverðan Reyðarfjörð. Silfurbergi frá Helgustöðum mun hafa verið safnað allt frá mári 17. öld en vinnsla þess náði hámarki á 19. öld og stóð rétt fram yfir 1920. Silfurberg (Kalsít) var sótt í námunna frá 17. öld fram á miðja 20. Háegt er að sjá ummerki eftir námagróft.

Verndarsvæði-

1. des 1975 var silfurbergsnáman fríðlýst sem náttúruvæði samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971. Stærð náttúruvæðisins er 0,9 ha.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Aðeins gangandi fóki er þar heimil for í lögmatum tilgangi.
2. Hvergi má raska þar bergmyndunum og silfurbergi og flytja það út af svæðinu.
3. Hvers kyns jarðrask er bannað nema sérstakt leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.

Fornleifar

Helgustaðanáma og hluta mannvirkja henni tengd teljast fornleifar skv. Þjóðminjalögum nr. 107 frá 2001 og falla því undir 100 ára frúðarárvæði. Ánó 2012 gerði Fornleifadeild Bygðasafns Skagafringa fornleifaskráningu á svæðinu. Skráðar voru tólf minjar á vettvangi, þar af fimm sem teljast fróðar. Í töflu hér fyrir neðan má sjá þessar 12 minjar og á skipulagsupprætti eru minjar sýndar og númeraðar í samræmi við töflu. Nánari útfærsla framkvæmda á námu svæðinu verður unnin í samráði við Fornleifavernd ríkisins svo sem endanleglega stiga, útfærsla öryggisgirðinga, girðinga svo og staðsetning þeirra.

Nr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat
1		Stigur	Leið	1800	2012	Greinanlegar	Mikil hætta
2	Helgustaðanáma	Niðurgroftur	Náma	1700	1950	Heillegar	Mikil hætta
3		Hleðsla	Stífla	1700	1925	Greinanlegar	Hætta
4		Tóft	Óþekkt	1700	1900	Greinanleg	Hætta
5		Hleðsla	Óþekkt	1700	1900	Greinanleg	Hætta
6		Húsgrunnur	Aðstöðuhús	1900	1925	Greinanleg	Hætta
7		Húsgrunnur	Aðstöðuhús	1900	1925	Greinanleg	Mikil hætta
8		Steinsteypa	Undirstaða	1900	1925	Greinanleg	Hætta
9		Steinsteypa	Stétt	1900	1925	Heillegar	Mikil hætta
10	Helgustaðanáma	Göng/hleðsla	Náma	1921	1950	Heillegar	Hætta
11		Grjóthaugur		1700	1950	Heillegar	Hætta
12		Grjóthaugur		1920	1950	Heillegar	Hætta

Staðhættir

Helgustaðanáma er í landi Helgustaða við norðanverðan Reyðarfjörð. Náman liggur í um 80-110 m hæð yfir sjávarmáli í tiltölulega brattri fjallshlíð. Helgustaðavegur (954) liggur um svæðið og í dag er bifreiðastæði og uppýsingaskilti við núverandi síðna að námuopinu. Núverandi síðni er mjór malartöðningur sem skiptir sér vestan námunnar og liggur annars vegar að námuopinu og hins vegar að efra hluta námunnar þar sem fyrir er steypt plata frá tímum námuvinislnunar.

Svæðið er nokkuð vinsæll áningastaður og er nánan töluvert sótt af ferðamönnum en ætía má að um 4-6000 ferðamenn heimsæki Helgustaðanámu á ári hverju. Umgengi um svæðið er aðbátavott og þó nokkuð hefur borðlið á því að ferðamenn taki silfurberg og annað grjótt af svæðinu. Samkvæmt úttekt sem unnin var af Umhverfisstofnun 2010 er Helgustaðanáman á „rauðum lista“ sökum átröðnings og mikil álags á svæði. Náttúrufræðistofa Austurlands hefur umsjón með svæðinu. Allar framkvæmdir innan verndarsvæðisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Í aðalskipulaginu segir að svæðið sé ætíð til almennrar útvegu og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.

Skipulagstillaga og skilmálar

Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að vinna skipulag af svæðinu til að móta stefnu um uppbyggingu stiga og áringastaða. Áhersla er lögð á bætt aðgengi fyrir ferðamenn og þar með betri stýringu ferðamanna um svæðið sem minnkar álag. Deiliskipulagið gerir einungis ráð fyrir uppbyggingu sem fylgir almennri útivist og liggja allar meginforsendur fyrir í aðalskipulagi því var ekki unnin skipulagsýsling fyrir ætíðunina.

Afmörkun skipulagssvæðis

Deiliskipulagssvæðið er alls um 8,0 ha að stærð og skiptist í tvo hluta. Að vestanverðu nær skipulagssvæðið niður fyrir Helgustaðaveg niður í fjöru, norður og vestur fyrir núverandi áningarstað, upp með núverandi stíg og norður og austur fyrir fríðlýst svæði Helgustaðanámunnar. Þá eru skilgreind mörk nokkru austur umhverfis fyrirhugaðan snúningshaus sem staðsettur er í gamalli malarnámu.

Aðkoma og stigar

Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi 954 (Helgustaðavegi) sem er skilgreindur sem aðalvegur í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

Aðalstigur –Nýr stigur verður lagður á svipuðum stað og núverandi síðni að námunni. Upphaf stígsins verður frá bílastæði við Helgustaðaveg og liggur hann upp með hlíðinni að námunni. Um er að ræða allt að 3 m breiðan stíg með varanlegu yfirborðefni. Gert er ráð fyrir hliðarpöllum með u.þ.b. 200m millibili og varanlegum vatnarásum til að hindra að vatn skemmi stigin í léysingum. Gera þarf vatnarást til að leiða vatn fyrir ofan stíg. Á völdum stöðum þarf að koma fyrir hleðslum við stigin til að fyrirbyggja hrún. Þar sem bratti í stíg er hvað mestur skal koma fyrir handlistum meðfram stíg til þess að auðveldja aðgengi að svæðinu. Setja skal upp öryggisgirðingu við stíg ofan við námuop til þess að hindra aðgengi að opi frá stíg. Þar sem stigar skiptast verður komið fyrir vegvisum.

Aðrir stigar

Gert er ráð fyrir útivistarstíg frá bílastæði niður að áningastaði í fjörunni neðan Helgustaðarvegur. Einnig er gert ráð fyrir stíg frá námu og gangnamunna sem liggur í hlíðinni sunnan við Silfurflæk og niður að Helgustaðarvegi að fyrirhuguðum nútústaðum. Stígurinn verður lagður í sveig í hlíðinni þannig að draga megi sem mest úr halli á honum og auðveldja aðgengi um svæðið. Breidd útivistarstiga verður á bilinu 1-1,5 m. Malarstiga skal vinna á eftirfarandi hátt. Tekið er upp að jafnaði 30 cm af jarðvegi og uppurtækinn síðan notað við frágang á öxlum. Taka skal efsta svörúrnin til hliðar og nota við lokarfrágang. Allt efni uppurtækis skal nýtt til aðlögunar á jöðrum.

Legga stiga er leiðbeinandi á upprætti. Þá skal leggja í landið í samráði við umsjónaraðila svæðisins og í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Bílastæði

Við þjónustuaðstöðu og upphaf gönguleiðar að námu er gert ráð fyrir að koma fyrir bílastæðum fyrir allt að 6 fólkubíla (sjá skýringarmynd). Nokkru austur er gert ráð fyrir staðum samsíða Helgustaðarvegi fyrir allt að 4 rútur. Á röskuðu svæði sunnan við Hrafna verður komið fyrir snúningsstaði fyrir rútur. Gert er ráð fyrir því að ferðamenn sem komi í rútum verði látnir af við þjónustuaðkoma, síðan getur rútan snúið á snúningsstaði og beðið eftir fóki við nútústaðin.

Áningarstaðir

Gert er ráð fyrir nokkrum áningarstöðum innan svæðisins. Áningarstaður verður við upphaf gönguleiðar þar sem núverandi áningarstaður er í dag. Við þann áningarstað er gert ráð fyrir bekkjum, uppýsingaskiltum um svæðið og salerni. Yfirborð verður flórat að hluta með náttúrgrjóti af svæðinu og timburpallur verður við salerni og sorpaðstöðu. Áningarstaður verður á miðri leið stígsins að námuopungum með hliðaraðstöðu/bekk. Við námunna sjálfa er gert ráð fyrir tveimur áningarstöðum. Annars vegar við námuop og hinsvegar á grunni kaffistofu fyrir framán námunna sjálfa. Gert er ráð fyrir uppýsingaskiltum við áningastað við námuop og við „inngang“ inn í námunna. Námuopioð sjálf þarf að grjótfreja og setja öryggisgirðingar umhverfis áningastaðina við námunna til að tryggja öryggi vegfaranda.

Á grunni kaffistofu sem var við námunna verði gerður áningastaður, nestis- og útsýnisstaður yfirborð næst grunni verði steinlagt með grjóti af staðnum (flörun) til afmörkunar á áningastað. Kvöld er um öryggisgirðingar við áningastað sunnan námu. Við nútústað skal gera ráð fyrir áningastað með borði og bekkjum ásamt uppýsingaskilti. Útfærsla framkvæmda við minjar verður unnin í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Þjónustuaðstaða.

Salerni verður komið fyrir við áningarstað við upphaf gönguleiðar ásamt sorpaðstöðu. Rotþró verður komið fyrir ofan við þjóðveg í um 30 m fjarlægð frá þjónustuaðstöðu. Frágangur og gerð rotþróar og frárennislagna skal gera í samráði við heilbrigðisfritil og fara skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Salernishús skal vera að hámarki 15m² að stærð og hámarks mænisheð 3,5m. Samræma skal líta og efnisval á svæðinu hvað varðar hús, sorplát, skilti, handrið, varnargirðingar og annan búnað.

Efni í stiga og hleðslur


Efni í stiga og hleðslur verður fengið úr námuopi og á svæðinu ofan við námunna en þar þarf að hreinsa grjótt af svæðinu til að auðveldja aðgengi um svæðið. Þegar grjótt verður fjarlægð þarf fornleifarfræðingar að fylgjast með þar sem í ljós geta komið eðri minjar um námuopgrótt á svæðinu.

Áhrif á samfélag og umhverfi


Deiliskipulagið er talið hafa jákvæð áhrif samfélagið. Verið er að koma á betri stýringu umferðar um svæðið og tryggja að ferðamenn noti göðar og merktar gönguleiðir. Stuðlað er að bættum frágangi á svæðinu og betri aðstöðu. Með þessu er venið að ýta undir jákvæð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif með bættu aðgengi að útivist, auknum útivistarmöguleikum með aukinni stigagerð og fleiri áningarstöðum sem þar með ytri undir aukinn ferðamannastraum um svæðið. Áhrif á umhverfi er óvæntleg því verið er að leggja aðalstíg í þegar röskuðu svæði og aðrir stigar eru mjóir og lagaðir að landi. Úppurtækir úr stígum verður nýtt á staðnum til aðlögunar á jöðrum þeirra. Efni í hleðslur, stiga og grjóttflögur í yfirborðsfrágang áningarstaða verður tekið af röskuðum stöðum á svæðinu. Haft verður samráð við Fornleifavernd ríkisins við nánari útfærslu framkvæmda og á framkvæmda tíma á þeim svæðum sem fornleifar geta verið í hættu. Í hliðina eru því umhverfisáhrifin jákvæð á samfélag og umhverfið




Skýringarmynd af þjónustuaðstöðu. Grunnmynd Mkv: 1:250




Skýringarmynd - Áningastaður á grunni kaffistofu Grunnmynd Mkv: 1:200



Skýringarmynd - Dæmi um frágang við stíg



Skýringarmynd, þjónustuaðstaða Dæmisnið Mkv: 1:100



Hluti af staðfestu aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027

- SKÝRINGAR
- 954 Þjóðvegur 954 Helgustaðavegur
 - Mörk fríðlýst svæðis
 - 3. Fornleifar
 - Helgustaðanáma
 - Megin stigur Silfurflækurinn - allt að 3,0 m breiður með varanlegu yfirborði.
 - Aðrir stigar - allt að 1,5 m breiðir stigar með malaryfirborði
 - Þjónustuaðstaða
 - Aðkomusvæði
 - Bílastæði < 6 bílar
 - Salernisaðstaða og sorp
 - Áningarstaður og uppýsingaskilti
 - P-R Bílastæði fyrir allt að 4 rútum samsíða vegi
 - Áningarstaður
 - Kvöld um varnargirðingu við áningarstað og námuop
 - Fyrirstaða vatns / grjótvörn við Silfurflæk
 - Uppýsingaskilti
 - Snúningsstaða fyrir rútur
 - Rotþró og síubeð
 - Deiliskipulagsmörk

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagsglaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____ þann _____ 20__ og _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafrest til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var þitt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

SK. DAGS. BREYTING. TÆKN.

FJARÐABYGGÐ

HELGUSTADANÁMA

FRÍÐLÝST NÁTTÚRUVÆTTI

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI Yfirleisuppráttur og skýringarmynd

LANDMÖRLUN

HELGUSTADANÁMA

FRÍÐLÝST NÁTTÚRUVÆTTI

VIÐMÁL 2002/2010

7300-DU1103

DU1103-01